



Öldubrot

Fréttabréf Öldutúnsskóla



25. árgangur, 3. tölublað

Desember 2010

Ábm.: Erla Guðjónsdóttir, skólastjóri

Fréttabréfið er sent í tölvupósti til allra foreldra. Það er einnig á vefsíðu skólans.

- Skrifstofa skólans verður lokuð 20. desember til 4. janúar 2011.
- Heimasíða skólans er: www.öldutunsskoli.is
- Heimasíða félagsmiðstöðvarinnar er: www.aldan.is
- Sími skólans er 555 1546
- Beinn sími í heilsdagsskóla er 5650332

Jólaleyfi er frá og með 20. desember og kennsla hefst að nýju samkvæmt stundaskrá þriðjudegininn 4. janúar 2011.

Metnaður, árangur og vellíðan


Eitt af sameiginlegum verkefnum okkar skólafólksins og foreldra er að byggja upp heilbrigðan metnað hjá börnum okkar. Öll viljum við að þau standi sig og taki ábyrgð á skyldum sínum, eigi sér markmið og vinni að því að gera þau að veruleika. Við ræktum vitund þeirra um skyldur sínar og styðjum þau við að rækja þær af heiðarleika og samvirkusemi. Við stuðlum að auknum þroska og ábyrgð með því að treysta þeim fyrir krefjandi verkefnum og hvetja áfram. Hæfilegar kröfur til þeirra um að þau taki á, reyni við erfið verkefni eflir þrautseigju þeirra og hæfni að mæta öðrum stærri. Stundvísí, virðing fyrir eigin tíma og annarra er einnig snar þáttur í góðum árangri.

Niðurstöður samræmdra prófa 4., 7. og 10. bekk liggja nú fyrir og geta foreldrar lesið í hvar barn þeirra stendur miðað við jafnaldrá á landinu. Við rýnum í niðurstöður og leitum leiða til bæta það sem ekki hefur komið nægilega vel út. Framfarastuðull er reiknaður hjá nemendum í 7. og 10. bekk en hann sýnir hvort nemandi hafi farið eðlilega fram á milli mælinga. Framfarastuðullinn er góður mælikvarði á hvernig okkur gengur að vinna að námi og þroska barnanna.

Samskipti okkar allra sem í skólanum nema og starfa eiga að byggjast á gagnkvæmri virðingu. Olweusarverkefnið gegn einelti og andfélagslegri hegðun ásamt SMT hugmyndafræðinni gagnast okkur mjög vel. Um mánaðarmót nóvember, desember sl. svöruðu nemendur árlegri könnun um líðan sína í skólanum og eineltismál. Við fáum niðurstöður í janúar og munum þá boða foreldra til fundar til að kynna þær og hvað við tökum til bragðs til úrbóta á því sem kemur ekki vel út. Við þurfum vera opinská um eineltismál, setja skýr mörk um að einelti er ekki liðið og hjálpast að við að leysa úr málum sem upp koma. Það er óhætt að segja það að á þeim sex árum sem Öldutúnsskóli hefur starfað eftir þessari stefnu hefur orðið mikil vitundarvakning um eineltismál og leiðir til að leysa úr þeim. Þökk sé markvissri vinnu, opinskárri umræðu og stuðningi foreldra og samfélagsins í heild.

Verðlaunamynd nemandar í Öldutúnsskóla

Í tilefni af Norræna loftlagsdeginum 11. nóvember síðastliðinn var efnt til teiknisamkeppni meðal 5-12 ára nemandar á Norðurlöndunum. Tilgangur Norrænu ráðherranefndarinnar með þessum sameiginlega degi er að efla kenngslu um loftslagsmál og auka samstarf kennara og nemandar á Norðurlöndunum. Aðeins einn skóli á öllum Norðurlöndum fékk aðalverðlaun fyrir bestu myndina, 5.000 danskar krónur. Myndir sem komu til greina voru settar í pott og dregið. Mynd Hansínu Eiríksdóttur 6. K var dregin út. Nemendur nota verðlaunin til að greiða niður ferð í skólabúðir að Reykjum í Hrutafirði næsta haust. Við erum afar stolt yfir þessum árangri og óskum Hansínu og félögum hennar í 6. bekk hjartanlega til hamingju.



Jólaskemmtanir

Skemmtanir og stofujól eru föstudaginn 17. desember á eftirfarandi tímum:

Klukkan 08:30 – 09:50 1. og 2. bekkur.

Klukkan 10:10 – 11:30 3. og 4. bekkur.

Klukkan 11:50 – 13:10 5., 6. og 7. bekkur.

Foreldrar eru velkomnir með börnum sínum á skemmtanirnar.

Jólaskemmtun hjá 8. til 10. bekk er klukkan 19:30 til 22:00 fimmtudaginn 16. desember og er unglingadeildin þar með komin í jólaleyfi.

VIRÐING — VELLÍÐAN — VIRKNI

Stefna Öldutúnsskóla

- Skapa það andrúmsloft og umhverfi í skólanum að nemendum líði þar vel og geti þroskast og dafnað á sínum forsendum við krefjandi og áhugaverð verkefni í leik og starfi.
- Gera nemendur ábyrga fyrir námi sínu og veita þeim þá hvatningu og stuðning við ákvarðanatöku um framvindu náms sem mögulegt er.
- Halda forráðamönnum nemenda vel upplýstum um skólasterfið og námsframvindu barna sinna og stuðla að jákvæðum og gagnvirkum samskiptum milli heimilis og skóla.
- Umgangast hvert annað af virðingu og kurteisi og að jákvæðni sé aðalsmerki nemenda og starfsmanna skólans, því með henni komumst við þangað sem við ætlum okkur.

- Kennsla hefst að nýju samkvæmt stundaskrá þriðjudaginn 4. janúar 2011. Selið byrjar starfsemi sína einnig þann dag eftir jólaleyfi.
- Vakin er athygli á því að dagatali skólaársins hefur verið breytt lítillega. Sjá á heimasíðu skólans www.öldutunsskoli.is en hún er okkar helsti upplýsingamiðill um skólasterfið.

Skólastjórar og allt starfsfólk Öldutúnsskóla óska nemendum sínum og foreldrum þeirra gleðilegra jóla með kærri þakklæti fyrir ánægjulegt samstarf á árinu sem er að líða.

Hittumst heil á nýju ári!



Öldutúnsskóli

hlýja - umhyggja - festa

